DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM HÓLSVIRKJUNAR



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2016

FS601-12051 **FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**

Forsíðumyndin er tekin inn Hólsdal til suðausturs. Fyrir miðri mynd er Hólssel SÞ-109:026 og upp af því, austan við Hólsá, er Végeirsstaðasel SÞ-109:027. Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT 5
1. INNGANGUR 6
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 7
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU 9
4. FORNLEIFASKRÁ 11
5. NIÐURSTÖÐUR 35
HEIMILDASKRÁ 38
HNITASKRÁ Í ISN93 39
KORT AF ÚTTEKTARSVÆÐI OG FORNLEIFUM 40

Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður deiliskráningar fornleifa á jörðunum Ytri Hóli og Garði vegna fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar í Hólsá í Fnjóskadal, Suður-Þingeyjarsýslu. Vettvangsvinna fór fram í júní 2012 að beiðni SSB Orku en úrvinnsla og skýrslugerð fór fram snemma árs 2016 að beiðni Arctic Hydro. Innan helgunarsvæðis mannvirkja sem tengjast virkjuninni voru skráðar 36 fornleifar sem allar eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda.


1. Inngangur

Vorið 2012 fór SSB Orka þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses. að stofnunin gerði fornleifakönnun á áhrifasvæði fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar í Hólsá í Fnjóskadal. Eftir skráningu á vettvangi í lok júní 2012 fór SSB Orka fram á að úrvinnsla rannsókna yrði stöðvuð þar til búið væri að gera ítarlegri rennslismælingar. Snemma árs 2016 tók Arctic Hydro, sem tekið hefur við verkefninu af SSB Orku, upp þráðinn og óskaði þess að úrvinnslu fornleifakönnunar yrði lokið. Skráning, skýrslugerð og kortagerð var í höndum Kristborgar Þórsdóttur, fornleifafræðings.

Teikningar af mannvirkjum í tengslum við virkjunina hafa tekið breytingum frá því að fornleifakönnun fór fram 2012. Þær eru birtar á korti 2 aftast í skýrslunni með eldri teikningum sem lágu til grundvallar þegar fornleifakönnunin var unnin. Talsvert miklar breytingar hafa orðið á staðsetningu mannvirkja og skarast mannvirki á gömlu og nýju teikningunni að litlu leyti. Af þeim sökum þarf að gera aðra fornleifakönnun þar sem nýjar teikningar eru lagðar til grundvallar til þess að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar.

Áhrifa Hólsvirkjunar mun gæta í landi tveggja lögbýla; í Garði og á Ytri Hóli. Garður er kominn í eyði en tún á jörðinni eru nytjuð. Ytri Hóll er í ábúð. Jarðirnar eru að mestu leyti grónar en víða eru gróðurlausir melkollar þar sem gróður og jarðvegur hefur eyðst.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort og hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93 vörpun).



Staðsetning fyrirhugaðrar virkjunar í Hólsá í Fnjóskadal sýnd sem rauður kassi á Íslandskorti. Kortið er fengið af heimasíðu Landmælinga Íslands

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

> e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> i. skipsflök eða hlutar þeirra.
> Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Fornleifaskráning vegna Hólsvirkjunar fólst í ítarlegri úttekt á því svæði sem stíflumannvirki, inntakslón, inntaksmannvirki, stöðvarhús, frárennslisskurður og þrýstipípur náðu yfir en það var um 4,7 km á lengd og 1,2 km á breidd. Að auki var tekið út svæði þar sem 3,1 km langur vegur mun liggja frá Ytri Hóli að stíflu í Gönguskarðsá. Afleggjari af veginum liggur einnig að stíflu í Hólsá en hann er innan helgunarsvæðis þrýstipípu. Áður en vettvangsvinna hófst var rætt við ábúendur og staðkunnuga um svæðið.

Í gögnum frá SSB Orku um virkjunartilhögun kemur fram að helgunarsvæði framkvæmda sé 50 m breitt umhverfis inntakslón, inntaksmannvirki, stöðvarhús og stíflumannvirki, 25 m breitt beggja vegna við miðlínu frárennslisskurðar og þrýstipípa en 15 m sitthvoru megin frá miðlínu vega.

Allar fornleifar sem fundust á athugunarsvæðinu, innan helgunarsvæða mannvirkja, eru skilgreindar „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að líklegt sé að sumum minjanna sé hægt að hlífa með réttum aðgerðum. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða en það er Minjastofnunar Íslands að leggja mat á gildi þeirra og úrskurða um hvort áhrif framkvæmda á fornleifar séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisaðgerða gæti þurft að grípa.


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en

hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

SÞ-109 Ytri Hóll


1712: Jarðardýrleiki 15 hdr. en var 30 hdr. áður en Syðri Hóll [SÞ-108] var byggður á 1/2 jörðinni. JÁM XI, 102. 10.1.1445 og 7.9.1446: Fjórir menn votta, að Magnús Oddason hafi feingið Guðrúnu Arnfinnsdóttur konu sinni tilgreindar jarðir til fullrar eignar fyrir jarðir, er Magnús hafði selt og Guðrún átti...at magnus oddason fiek ok lukti med handabandi gudruno arnfinnzdottur eiginkonu sinne halfa fiordu iord til fullrar eignar er suo heita...hol i draflastadaþingum."DI VI, 663. Ytri Hóll er gamalt býli, því að jarðarinnar er getið í skjölum frá því um siðaskipti og þá nefnd Hóll. Nafnbreytingin varð eftir 1600 með tilkomu Syðra Hóls. BBSÞ, 103

1918: Tún 6,9 ha., allt sléttað. "Engið spillist af grjótsáburði úr smálækjum og landbroti fyrir Fnjóská. Slægjur eru og nokkrar á Hólsdal, og liggur hann oft undir snjó framm á sumar, og er sá heyskapur því svipull og erfiður til að sækja. Úthagar eru grösugir og búgóðir."JÁM XI, 102. "Heldur er þar engjasnautt hið neðra, en jörðin á mikið fjalllendi...Á jörðin mikið land á mótum afréttardala. Ármótin þar efra eru litlu einu hærra yfir sjó en Hólsbærinn. Þar er engi mikið og sauðland..."LÞ I, 168. "Ytri Hóll er nyrsti byggður bær í austanverðum Fnjóskadal og stendur á breiðum hjalla 180 m yfir sjó. Neðan hjallans er mikið melasvæði með vel grónum giljum og mjótt undirlendi með Fnjóská...Heldur harðbalalegt er uppi á hjallanum og næðingssamt, en útsýni er fagurt. Ofar til fjallsins er lágur háls, raklendur og þaðan til austurs er Hólsdalur, mikið og vel gróið afréttarland í sameign með Syðra Hóli, sem er í eyði, en tilheyrir Ytra Hóli að hálfu. Beitiland jarðarinnar er gott þá er til næst, en snjóþyngsli eru mikil." BBSÞ, 103

SÞ-109:007 *Geithóll* tóft 65°51.226N 17°52.424V



Tóft 007 á Geithól, horft til norðurs



Tóft 007

"Land jarðarinnar er láglendi, samkvæmt Vaðnesi í Garði að Húsagili. Ofan við það koma melar; utan við Undirmó eru þrjú gil ofan við melana. Syðsta gilið heitir Húsgil [006]...Næsta gil heitir Grænalág, utan við Húsgilið. Þar næst er Sandgil...Upp af Sangili er Geitakofamýri...Austur af Grænulág og Sandgili er hár hjalli og brött brekka, og nær þessi hjalli suður að Húsgili að norðanverðu og heitir Hólbrekka. Yzt á Hólbrekku, þar sem hæst er, ytri endinn, heitir Geithóll, samborinn merkjum milli Garðs og Ytrahóls," segir í örnefnaskrá. Geithóll dregur vafalaust nafn sitt af geitakofa (sjá 110:009) í landi Garðs. Á Geithóli í landi Ytri-Hóls er hins vegar fornleg tóft og er hlutverk hennar óþekkt. Tóftin er um 445 m austan við garðlag 033 og um 290 m norðvestan við bæ 001. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu

Hólsvirkjunar liggur yfir tóftina og telst hún því í stórhættu vegna framkvæmda.
Tóftin er í smáþýfðum, lyngi og kjarri vöxnum móa.
Tóftin er sigin og gróin og virðist að mestu torfhlaðin. Hún er um 9x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin skiptist í tvö hólf. Hólf I er í vesturenda tóftarinnar. Það er um 2x2 m að innanmáli og er op úr því út úr tóft til SSA. Hólf II er í austurenda tóftarinnar. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sést op á því. Mesta hæð veggja er 0,3 m.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ytri Hóll, 1

SÞ-109:008 *Hólbrekka* gata leið 65°51.236N 17°52.322V



Götur á leið 008, horft til norðurs

"Ofan við Geithól [007] lækkar landslagið aðeins. Þar eru reiðgötur margar, og kallast það einnig Hólbrekka," segir í örnefnaskrá. Reiðgöturnar eru á leið sem lá á milli bæja, Ytri-Hóls og Garða en mögulega hefur sama leið verið farin til kirkju á Draflastöðum SÞ-070 sunnar í dalnum, sjá einnig leið 034. Göturnar sjást um 100 m austan við tóft 007 og 230 m norðan við bæ 001. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu Hólsvirkjunar liggur þvert yfir göturnar og teljast minjarnar því í stórhættu vegna framkvæmda.
Göturnar liggja upp brekku austan við Geithól á nokkuð flatlent svæði í stórþýfðum lyng- og kjarrmóa.
Leiðinni var aðeins fylgt á um 100 m löngum kafla. Hún heldur áfram til norðurs en hverfur í tún þegar nær dregur bæ til suðurs. Götur sjást á svæði sem er um 20 m breitt og innan þess eru 10-15 götur saman. Þær eru grónar og eru allt að 1 m á breidd og 0,6 m á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ytri Hóll, 1

SÞ-109:025 tóft beitarhús 65°51.098N 17°49.337V
"Austur af [Vörðuhól 024] eru mýrarflesjur með mörgum startjörnum; þar heitir Vaðsmýri [sjá 110:040] og er einnig í Garðslandi ... Suður af Vaðsmýri eru beitarhús frá Ytrihól fast upp við Hólsá, er standa á háum hól. Þau fóru í eyði um 1890; þá koma...Selbrekkur [sjá 026] beint suður af beitarhúsunum," segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóftin er um 780 m NNV við Hólssel 026 og 2,2 km austan við bæ 001. Minjarnar eru 7 m norðaustan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu Hólsvirkjunar og teljast því í stórhættu vegna framkvæmda.
Beitarhúsin eru á háum hól sem er uppblásinn að hluta til. Hóllinn er í mólendi suðvestan við Vaðsmýri, skammt vestan við Hólsá.
Tóftin er torf- og grjóthlaðin og skiptist í fjárhús og hlöðu og tvö minni hólf sitthvoru megin við hlöðuna sem eru að líkindum heystæði. Tóftin er um 16x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I, fjárhús, er í norðausturhluta tóftarinnar. Það er 9x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Garði sem hlaðinn er úr torfi og grjóti er eftir endilöngu hólfinu miðju. Hann er 1 m á breidd, 8,5 m á lengd og 0,4 m á hæð. Op er inn í hólfið á norðausturhlið tóftarinnar. Suðvestan við hólf I er hólf II, hlaða. Það er 3,5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er sýnilegt op á hlöðunni. Mesta veggjahæð tóftarinnar er 1,2 m í norðausturenda og þar sjást 6 umför hleðslu. Norðvestan við hlöðuna er hólf III, heystæði. Það



Beitarhúsatóft 025, horft til vesturs




Beitarhúsatóft 025

er 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf IV, heystæði, er suðaustan við hlöðuna og er það 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki eru op á hólfum III og IV. Veggir þeirra eru mjóir og lágir, ekki hærri en 0,4 m.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ytri Hóll, 4

SÞ-109:026 *Hólssel* tóftaþyrping sel 65°50.682N 17°48.893V
"Syðst í Selbrekkum [sem eru ofan beitahúsanna 025] er Hólssel," segir í örnefnaskrá. Hólssel er á vesturbakka Hólsár um 770 m sunnan við beitarhús 025 og 2,7 km suðaustan við bæ 001. Ekki lá fyrir við úttekt árið 2012 hversu stórt fyrirhugað lónstæði sunnan við stíflu í Hólsá verður en að öllum líkindum lenda syðstu tóftirnar (B,C,G) á selstæðinu innan lónstæðisins. Aðrar tóftir (A,D,E,F,H) á svæðinu eru 55-60 m suðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu og teljast ekki í hættu vegna framkvæmda.
Seljatóftirnar eru á flatlendi vestan Hólsár. Næst ánni er flatlent mýrlendi austan við tóftirnar en vestan við þær er flatlendur grasvöllur. Lækur rennur úr hlíðum vestan selsins og á milli tófta F og E til austurs í ána.
Á selstæðinu sjást átta tóftir og eru þær á svæði sem er um 140x70 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er nokkurn veginn á miðju svæðinu. Hún er um 7x8 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er á rústahól sem er um 1 m á hæð. Hún skiptist í 3 hólf og er líklega torf- og grjóthlaðin þó að ekki sjáist í grjóthleðslur í veggjum. Austast í tóftinni er hólf III sem er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til suðurs og óljóst op er úr því inn í hólf I sem er vestan við það. Hólf I er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Sunnan við hólf I er hólf II. það er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést op á því. Mesta hleðsluhæð í tófinni er 0,8 m en er víða lægri.
Út frá norðurenda á tóft A gengur torfhlaðin tóft H sem hefur nánast samlagast tóft A en er líklega sjálfstæð tóft. Tóft H er 9,5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist í tvö hólf. Hólf I er í suðvesturenda. Það er um 1x4 m að að innanmáli. Op er úr því til norðausturs í hólf II. Það er um 2x3 m að innanmáli. Líklega er op á því til norðausturs. Veggir síðarnefnda hólfsins eru fremur mjóir og lágir. Líklegt er að tóft H sé kvíatóft. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,5 m.
Tóft F er um 20 m NNV við tóft A. Hún skiptist í 2 greinileg hólf og tvö ógreinileg sem kunna að vera mun eldri eða jafnvel náttúrumyndun. Skýrari hluti tóftarinnar er um 10x4 m að stærð

og snýr VSV-ANA. Tóftin er í heild sinni 10x11 m að stærð og snýr SSA-NNV. Í ANA enda skýrari hluta tóftarinnar er hólf I sem er um 2x5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Op er úr því til VSV inn í hólf II sem er um 4x2,5 m að innanmáli Veggir þess eru lágir og ógreinilegir. Op er á hólfi II í VSV enda en þar er veggurinn nánast útflattur. Norðan við þessi tvö hólf er ógreinilegt hólf III sem er um 4x2,5 m að innanmáli. Ógreinilegt op er á VSV-hlið hólfsins. Op er einnig úr því til NNV inn í hólf IV. Það er 2x1,5 m að innanmáli og snýr eins og hólf III. Op er á því í NNV-enda. Mesta hleðsluhæð í syðri hluta tóftarinnar er 0,4 m en í norðurhlutanum er mesta hleðsluhæð 0,5 m. Þar eru veggir lyngi vaxnir og virðast eldri en í suðurhlutanum.
Tóftir D og E eru um 50 m norðvestan við tóft F. Þessar tóftir virðast að mestu leyti hafa verið grafnar inn í grasi gróinn bakka neðan við lyngi og kjarri vaxna móbrekku. Tóft E er um 2 m í þvermál innanmáls. Op er á henni til norðausturs. Líklega er hlaðinn veggur meðfram suðausturhlið tóftarinnar sem er um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Um 5 m NNA við tóft E er tóft D. Hún er ógreinleg og er um 2,5 m í þvermál innanmáls. Op er á henni til suðausturs. Veggir eru meðfram norðaustur- og suðvesturhliðum. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekki sést grjót í veggjahleðslum í tóftum D eða E.



Minjar í Hólsseli 026


Tóft B er á rústahól 60 m suðaustan við tóft A. Saman ná minjar á honum yfir svæði sem er um 17x12 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er úr torfi og grjóti. Yngsta og greinilegasta hólfið I er í miðri tóftinni. Lítillega sést í grjót í innanverðum veggjum. Hólfið er um 5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Sunnan við það er hólf II sem stendur mun lægra. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést op á þessum hólfum. Hólf III er norðvestan við hólf I. Það er um 2x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs. Hólf IV er norðan við hólf III. Það er um 2x2 m að innanmáli. Innri brún veggja þess sést illa og ekki sést op á því. Hólf V er í nyrst í tóftinni. það er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op eru í norðvestur- og suðaustur-hornum þess. Ógreinilegt hólf VI er á milli hólfa I og V. Það er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýrt op á því. Hólf VII er svo í norðausturhorni tóftarinnar. Það er 2x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,8 m en hóllinn með tóftinni er um 1,5 m á hæð.
Tóft G er fast vestan við tóft B. Hún er um 6x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir sjást greinilega í vesturhorni tóftar. Þar eru þeir 0,5 m á hæð. Þeir eru hlaupnir í þúfur



Á vinstri mynd eru tóftir 026A og 026H í Hólsseli, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 026B, horft til norðurs


og lyngi vaxnir. Op sést í norðvesturenda tóftar. Aðrir hlutar tóftar eru útflattir og mjög óskýrir. Tóft C er um 15 m suðvestan við tóft G. Hún skiptist í þrjú hólf. Tóftin er líklega torfhlaðin og er 10x8 m að stærð, snýr austur-vestur. Hólf I er í norðurenda. Það er um 2x6 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er á því til austurs. Sunnan við það og samsíða því er hólf II. Það er um 2x6 að innanmáli, snýr austur-vestur. Hólfið er breiðast vestast en stærstur hluti þess er aðeins 1 m á breidd. Op er til austurs og norðurs, vestan við hólf I. Hólf III er sunnan við hólf II. Það er um 1,5x0,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er á því til austurs. Mesta hleðsluhæð tóftar er 0,5 m. Veggir eru almennt mjóir og signir. Tóftin er lyngi vaxin en ekki mjög fornleg. Svo virðist sem að tvær seltóftir, mögulega tvö selstæði, séu í Hólsseli. Önnur þeirra er tóft A (sem hefur mögulega tengst tóft H) og hin er tóft B. Rústahóll er undir báðum tóftunum en hóllinn undir tóft A er hærri og meira afgerandi. Ekki er ljóst hvort önnur seltóftin hafi tekið við af hinni eða hvort tvö sel voru starfrækt á sama tíma í Hólsseli.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ytri Hóll, 4

SÞ-109:027 *Végeirsstaðasel* tóftir sel 65°50.533N 17°48.655V
"Suður af Selbrekkum [sjá Hólssel 026] er sel austan Hólsár, sem heitir Végeirsstaðasel," segir í örnefnaskrá. Selið er á austurbakka Hólsár um 250 m suðaustan við Hólssel 026 og 3 km suðaustan við bæ 001. Végeirsstaðir SÞ-106 er eyðibýli um 5 km suðvestan við selið og bendir nafn selsins til þess að það hafi verið frá því býli. Tóftirnar á selstæðinu eru um 300 m SSA við fyrirhugaða stíflu í Hólsá vegna Hólsvirkjunar. Ekki lá fyrir við úttekt 2012 hversu stórt fyrirhugað lónstæði sunnan við stífluna verður en mögulega lendir Végeirsstaðasel utan þess. Það er hins vegar líklegt að það sé innan áhrifasvæðis þess og telst því í stórhættu.
Selið er á flatlendu, grasi vöxnu seltúni sem er nokkuð harðlent. Há og brött fjallshlíð er austan við selið en til norðurs og suðurs eru lyngmóar. Austurbakki Hólsár er nokkuð hár vestan við selið og brýtur áin af honum.
Fjórar tóftir má greina í selinu og eru þær á svæði sem er um 70x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er vestast og næst ánni. Hún er um 14x11 m að stærð og snýr norður-suður. Í norðausturhorni er hólf I. Það er um 2x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því miðju til vesturs inn í hólf II sem er um 2x3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til vesturs. Hólf III er í suðausturhorni. Það er um 1,5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til vesturs. Ógreinilegt hólf IV er austan við hólf I. Innri mörk þess sjást ekki vel en það er um 5x3 m að utanmáli og snýr norður-suður. Aðeins sjást mjög lágar veggjahleðslur í suðurenda. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,8 m og er hún torf- og grjóthlaðin en vel gróin og ekki sést í grjóthleðslur en þó sést í grjót á stöku stað. Tóftin er mjög skýr og



Tóftir í Végeirsstaðaseli 027

ekki mikið samansigin. Tóft B er um 14 m sunnan við tóft A. Hún er um 14x7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist óljóst í fjögur hólf. Innst, í suðausturenda, er hólf I sem er um 1,5x3 að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggurinn sem skilur hólf I frá hólfi II er nánast horfinn en hægt er að greina hann. Hólf II er um 2,5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Enn ógreinilegri veggur er á milli hólfa II og III og óvíst að þar hafi verið veggur. Hólf III er norðvestan við hólf II og er um 1x1 m að innanmáli. Op er úr því til norðvesturs. Þar er hólf IV sem er nokkurn veginn L-laga. Það er um 4x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Breiddin á því innanmáls er 1-1,5 m. Op er á hólfinu og tóftinni til suðvesturs. Ógreinilegur veggur gengur út úr suðvesturhlið tóftarinnar 6 m til norðvesturs og beygir þá til norðausturs þar sem hann er 3 m á lengd. Veggurinn kann að hafa verið hluti af hólfi IV. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,3 m og virðist tóftin vera niðurgrafin. Tóft C er 35 m norðaustan við tóft A. Hún er torfhlaðin og mögulega er einnig grjót í henni þó að það sjáist ekki. Tóftin er einföld og er um 6x8 m að stærð en er grafin inn í jarðvegsbakka og eru því austurmörk hennar óljós. Hún snýr austur-vestur og er op á henni til vesturs. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er 0,5 m. Um 11 m norðan við tóft C er ógreinileg tóft D sem er mjög sigin og jarðlæg en virðist vera tvískipt og torfhlaðin. Hún er um 5x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Í NNV-enda tóftarinnar er hólf I. Það er um 1,5x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ógreinilegt op er á því til suðvesturs. Afar ógreinilegt hólf II er í SSV-enda tóftarinnar. Það er um 1x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Líklega er op á því til vesturs. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,2 m. Tóftin er grafin inn í jarðvegsbakka eins og tóft C.


Á vinstri mynd er tóft 027A, horft til norðausturs. Á hægri mynd er tóft 027B, horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ytri Hóll, 5


Kolagröf 029, horft til vesturs

SÞ-109:029 gryfja kolagröf
65°51.215N 17°53.733V
Kolagröf er á láglendi niður við Fnjóská, um 70 m austan við Fnjóskadalsveg eystri (835). Hún er 1,2 km VNV við bæ 001, um 25 m sunnan við kolagröf 030 og 33 m norðaustan við kolagröf 031. Kolagröfin er 9 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Kolagröfin er við brekkurætur, í lyng- og kjarrmóa.
Kolagröfin er lyngi og kjarri vaxin og sést því ekki mjög vel. Innanmál gryfjunnar er um 1,5x1,5 m og er hún um 0,7 m á dýpt. Í kringum hana er lágur jarðvegskragi. Hann nær yfir svæði sem er um 4,5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á kraganum úr norðri.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Kolagröf 030, horft til norðvesturs

SÞ-109:030 gryfja kolagröf
65°51.227N 17°53.738V
Kolagröf er á láglendi niður við Fnjóská, fast vestan við vegarslóða á sömu leið og Fnjóskadalsvegur eystri (835). Hún er 1,2 km VNV við bæ 001, um 25 m norðan við kolagröf 029 og 50 m norðaustan við kolagröf 031. Kolagröfin er 15 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Kolagröfin er í kjarri- og lyngivöxnu mólendi.
Vegarslóði liggur yfir austurjaðar kolagrafarinnar. Kolagröfin er um 1x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,6 m á dýpt. Í kringum hana er lágur jarðvegskragi þar sem hann sést enn. Hann nær yfir svæði sem er um 4x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er skýrt op á kraganum en það gæti hafa verið í suðausturenda.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Kolagröf 031, horft til norðurs

SÞ-109:031 gryfja kolagröf
65°51.205N 17°53.766V
Kolagröf er á láglendi niður við Fnjóská, um 20 m austan við Fnjóskadalsveg eystri (835). Hún er 1,2 km VNV við bæ 001, 33 m suðvestan við kolagröf 029 og 50 m suðvestan við kolagröf 030. Kolagröfin er 26 m sunnan við miðpunkt fyrirhugaðs stöðvarhúss í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Kolagröfin er í kjarri- og lyngivöxnu mólendi.
Kolagröfin er um 1 m í þvermál innanmáls og er um 0,6 m á dýpt. Í kringum hana er lágur jarðvegskragi. Hann nær yfir svæði sem er um 3,5x3,5 m að stærð. Op er á kraganum á suðurhlið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:033 garðlag vörslugarður 65°51.250N 17°53.008V


Garðlag 033 og vegur 034, horft til norðurs

Mikið garðlag liggur samsíða ruddum veg 034 og er 680 m norðvestan við bæ 001. Það liggur frá uppblásnum mel sunnan við Sandgil og að skurði í mýrlendi vestan við Geithól, sjá 007. Suðurendi garðlagsins er 12 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Garðlagið liggur um lyng- og kjarrmóa á fremur flatlendu svæði vestan Geithóls. Garðlaginu var fylgt á um 80 m löngum kafla þar sem það liggur NNA-SSV. Það er torfhlaðið, gróið og vaxið lyngi og víði. Garðlagið er sigið og er víðast um 2 m á breidd og hæst um 0,6 m. Garðurinn hverfur til norðausturs við uppblásinn mel en sést halda áfram norðan Sandgils í landi Garðs SÞ-110. Garðurinn hverfur við skurð til suðvesturs en hinum megin við skurðinn er rask og sést ekki framhald af garðinum þar. Hlutverk garðsins er ekki þekkt en líklega gegndi hann hlutverki vörslugarðs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:034 vegur leið 65°51.252N 17°53.018V


Vegur 034 og garðlag 033, horft til vesturs

Ruddur vegur liggur samsíða garði 033 og er 690 m norðvestan við bæ 001. Hann liggur frá uppblásturssvæðum sunnan við Sandgil og að skurði í mýrlendi vestan við Geithól, sjá 007. Suðurendi þess hluta vegarins sem sást á úttektarsvæðinu er 11 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun. Leiðin liggur áfram til suðurs þannig að þrýstipípan liggur þvert í gegnum hana og er hún því talin í stórhættu vegna framkvæmda.
Vegurinn liggur um lyng- og kjarrmóa á fremur flatlendu svæði vestan Geithóls. Vegurinn sést á um 80 m löngum kafla þar sem hann liggur NNA-SSV. Vegurinn er 2-3 m á breidd og 0,5 m á dýpt. Hann er gróinn. Þar sem hann endar við skurð til SSV er brú eða haft í skurðinum svo hægt er að komast þar yfir hann. Leiðin liggur frá Garði SÞ-110 og niður á flatlendið við Fnjóská. Hún krækir framhjá Ytri Hóli og Syðri Hóli og kann að hafa legið að kirkju á Draflastöðum SÞ-070 sunnar í dalnum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:035 gryfja kolagröf 65°51.228N 17°52.609V



Kolagröf 035, horft til norðurs

Kolagröf er um 140 m vestan við tóft 007 á Geithól og 420 m norðvestan við bæ 001. Kolagröfin er 13 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er í lyngi og hrísi vöxnum móa, fremur sléttlendum, uppi á háum hól.
Gröfin er um 1 m í þvermál að innanmáli og um 0,5 m á dýpt. Afar ógreinilegur jarðvegskragi er meðfram gröfinni.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:036 garðlag túngarður 65°80.250N 17°52.234V



Garðlag 036, horft til suðvesturs

Unglegur túngarður er um 20 m austan við götur á leið 008 og 250 m NNV við bæ 001. Hann liggur meðfram norðvesturhlið túns sem er í hlíðinni ofan og austan við göturnar. Suðvesturendi garðsins er 18 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Garðlagið er á mörkum túns og lyng- og kjarrmóa í brekku.
Garðlagið er sem fyrr segir unglegt en líklega hlaðið á fyrri hluta 20. aldar. Það er 120 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur, um 0,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Girt er ofan á garðinn með gaddavír og er hann líklega eingöngu torfhlaðinn. Meðfram norðaustur- og austurhliðum túnsins er grafin rás og ekki sést hlaðinn garður meðfram þeim hliðum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:037 gryfja kolagröf
65°51.244N 17°51.987V
Kolagröf er um 335 m austan við tóft 007 á Geithól, 360 m vestan við heystæði 038 og 320 m norðaustan við bæ 001. Kolagröfin er 18 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Kolagröfin er á flata norðaustan við tún í lyng- og kjarrmóa.
Kolagröfin er um 1,5 m í þvermál og 0,6 m á dýpt. Umhverfis hana er ógreinilegur jarðvegskragi sem er 1-2 m á breidd. Op er á honum til




Kolagröf 037, horft til vesturs

norðurs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:038 tóft heystæði 65°51.239N 17°51.514V



Heystæði 038, horft til suðurs



Heystæði 038

Lítil tóft af heystæði er vestan undir Sjónarhóli, um 360 m austan við Kolagröf 037 og 670 m norðaustan við bæ 001. Tóftin lendir undir miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Tóftin er austarlega í blautlendum flóa sem er að hluta flatlendi vestan við mólendi en teygir sig niður brekku til vesturs og suðvesturs.
Tóftin er torfhlaðin og einföld. Hún er um 4x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Ógreinlegt op er á henni í norðvesturhorni. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m. Tóftin er gróin. Útlit tóftar og staðsetning benda helst til þess að hún sé af heystæði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:039 garðlag landamerki 65°51.261N 17°51.514V



Landamerkjagarður 039 þar sem hann liggur upp á Sjónarhól, horft til austurs

Garðlag er á merkjum á milli Ytri Hóls og Garðs SÞ-110, um 700 m norðaustan við bæ 001. Garðurinn liggur til vesturs frá Sjónarhóli og langleiðina að Geithól, sjá 007. Hluti garðsins var genginn. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun liggur skáhallt yfir garðinn og telst hann því í stórhættu vegna framkvæmda.
Garðurinn liggur yfir hæðir og hóla í mólendi sem hallar til vesturs. Gróðurlausir melar eru á hólkollum á svæðinu.
Garðurinn er fremur unglegur að sjá og er óvíst að hann nái 100 ára aldri og teljist þar með til fornleifa. Hann er víðast torfhlaðinn og hefur verið grafin rás sunnan við hann og efnið úr henni hlaðið upp í garð. Þar sem ekki náðist í jarðveg vegna rofs var notað grjót í garðhleðslur. Garðinum var fylgt á 330 m löngum kafla þar sem hann liggur VNV-ASA. Hann hættir að sjást við Sjónarhól til ASA en heldur áfram til VNV. Á loftmynd má sjá að garðurinn er líklega um 730 m á lengd. Garðurinn er breiðastur um 1 m og er 0,3-0,6 m á hæð. Girt hefur verið ofan á hann.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:041 gata leið 65°50.730N 17°48.710V

Mjó gata er í austanverðum Hólsdal sem sést fyrst um 75 m norðan við Végeirsstaðasel 027. Leiðin liggur í selið. Miðlína fyrirhugðrar lágþrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun liggur yfir leiðina og hún liggur í jaðri lónstæðis sunnan við fyrirhugaða stíflu í Hólsá. Leiðin telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Leiðin liggur um mólendi þar sem gróður er viðkvæmur og rof er víða komið í gróðurþekjuna. Leiðinni var fylgt á um 280 m löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:042 náma rista 65°50.823N 17°48.582V



Torftistusvæði 042, horft til norðvesturs

Lítið torfristusvæði er í austanverðum Hólsdal, 500 m norðan við Végeirsstaðasel 027. Minjarnar eru 18 m norðvestan við fyrirhugaða lágþrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og teljast því í stórhættu vegna framkvæmda.

Sléttlent, grasi vaxið svæði á milli tveggja hæða í aflíðandi halla til norðvestus.

Meint torfristusvæði er um 35x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á svæðinu sjást þverrákir sem ætla má að séu ummerki um torfristu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:043 náma rista 65°51.058N 17°43.315V



Torfristusvæði 043, horft til suðurs

Torfristustaður er í mjóu sundi um 50 m sunnan við beitarhús 025 og 160 m suðaustan við ristusvæði 046. Minjarnar eru 2,2 km austan við bæ 001 og 6 m suðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun. Þær teljast því í stórhættu vegna framkvæmda.

Sundið er fremur blautt og er á milli tveggja hóla sem eru lyngi vaxnir neðst en blásnir niður í mel efst.

Torfristusvæðið er um 65x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Nyrst á svæðinu er grasi vaxin tjörn sem er 30x30 m að stærð og kann að hafa myndast við mótekju. Hún er um 0,2 m á dýpt. Sunnan við tjörnina má óljóst greina þverrendur í sundinu sem virðast hafa myndast vegna torfristu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:044 garðlag túngarður 65°51.020N 17°51.996V

Leifar af unglegum túngarði eru austan og sunnan við tún sem er sunnan við bæ 001. Vörslugarður 047 liggur af þessum garði til austurs. Miðlína fyrirhugaðs vegar í tengslum við Hólsvirkjun liggur í gegnum garðinn og telst hann því í stórhættu vegna framkvæmda.


Nyrsti hluti garðsins er á milli túns og skógræktarreits. Suðausturhornið á garðinum er utan

ræktaðs túns og hefur skurður verið grafinn á milli túns og garðshorns. Suðurhlið garðsins er að miklu leyti búið að slétta í tún en vestasti endi suðurhliðar sést óljóst.
Garðurinn er torfhlaðinn og afmarkar svæði sem er um 320x160 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðurinn er 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hann er ekki gamall en aldur hans er ekki þekktur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Túngarður 044, horft til norðurs

SÞ-109:045 tóftir heystæði
65°50.827N 17°49.052V
Tvö heystæði eru um 240 m SSV við Hólssel 026 og um 530 m suðaustan við beitarhús 025. Tóftirnar eru 2,4 km ASA við bæ 001 og 6 m suðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstilínu í tengslum við Hólsvirkjun. Þær teljast því í stórhættu vegna framkvæmda.


Heystæði 045, tóft A er í forgrunni, horft til norðurs



Heystæði 045

Tóftirnar eru í lyngmóa í brekku vestan Hólsár, suðaustan við grösugt deiglendi í móanum. Þar hefur heyið fengist sem geymt var í heystæðunum.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 12x22 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru báðar torfhlaðnar og tvískiptar og snúa norður-suður. Tóft A er syðst á svæðinu. Hún er um 4x8 m að stærð. Hólf I er í suðurenda tóftarinnar og er það 2x2 m að innanmáli. Hólf II er í norðurenda og er það 2,5x2 m að innanmáli, snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er 0,5 m. Tóftin er gróin. Tóft B er um 10 m norðaustan við tóft A. Hún er um 4x7 m að stærð. Hólf I er í suðurenda tóftarinnar. Það er 1x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf II er í norðurenda tóftarinnar og er 2,5x2 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Mesta hleðsluhæð tóftar er 0,3 m. Veggir tóftarinnar eru signir og ógreinilegir. Ekki sjást op inn í tóftirnar eða á milli hólfa og óvíst er að þau hafi verið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:046 náma rista 65°51.116N 17°49.494V



Torfristusvæði 046, horft til norðausturs

Torfristusvæði er um 130 m vestan við beitarhús 025. Minjarnar eru 2 km austan við bæ 001 og miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun liggur yfir norðaustur-enda svæðisins. Minjarnar teljast því vera í stórhættu vegna framkvæmda.
Torfristusvæðið er í mjóu dalverpi eða laut sem liggur norðaustur-suðvestur. Svæðið víkkar í norðausturenda þar sem það opnast út í Vaðsmýri, sjá 110:040. Þar er það mýrlent en að öðru leyti þurrt.
Svæðið er um 90x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það mjókkar í suðvesturenda. Á öllu svæðinu sjást grónar þverrendur sem virðast hafa myndast við torfristu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:047 garðlag vörslugarður 65°51.020N 17°51.996V




Vörslugarður 047 þar sem hann liggur framhjá tóftum 048 í Stekkjarmó, horft til suðurs

Garðlag liggur af túngarði 044 heima við bæ og áleiðis til austurs upp fyrir tún og upp í brekkurnar suðaustan við bæ 001. Miðlína fyrirhugaðs vegar í tengslum við Hólsvirkjun liggur yfir garðinn á þremur stöðum og telst hann því í stórhættu vegna framkvæmda.
Garðurinn liggur um brattan lyngmóa.
Garðurinn er torfhlaðinn. Hann er gróinn, hæstur um 0,4 m og er víða um 1 m á breidd. Garðurinn tengist fleiri görðum og var gengið eftir honum á svæði sem er 930x170 m að stærð og snýr NNA-SSV. Garður þessi er að öllum líkindum vörslugarður sem girt hefur verið ofan á í eina tíð. Hann er ekki forn en aldur hans er ekki þekktur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:048 *Stekkjarmór* tóftir stekkur 65°51.081N 17°50.927V
Tvær tóftir eru í Stekkjarmó um 950 m austan við bæ 001. Tóftirnar eru 8 m NNV við miðlínu fyrirhugaðs vegar í tengslum við Hólsvirkjun og teljast því í stórhættu vegna framkvæmda.
Tóftirnar eru í deiglendum móa í dalverpi neðan/vestan við Hólsklauf. Norðan við tóftirnar er Sjónarhóll en suðaustan við þær er löng og há brekka. Norðan við tóftirnar myndar garður 047 gleitt horn.
Tóftirnar eru á svæði sem er 14x11 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær eru torfhlaðnar. Tóft A er austast á svæðinu. Hún skiptist í fimm hólf, er 10x11 m að stærð og snýr norður-suður. Syðst í tóftinni er hólf I sem er 6x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op virðast vera í báðum endum þess og til norðurs inn í hólf II og III. Hólf II er norðaustan við hólf I. Það er um



Tóftir 048 í Stekkjarmó. Í forgrunni er vörslugarður 047, horft til suðurs



Tóftir 048 í Stekkjarmó

2x2 m að innanmáli. Hólf III er vestan við hólf II og norðvestan við hólf I. Það er einnig 2x2 m að innanmáli. Auk opsins sem er úr hólfi I inn í hólf III er op úr hólfi III til vesturs, út úr tóftinni. Hólf IV er norðan við hólf III, í norðvesturhorni tóftarinnar. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til suðvesturs og mögulega einnig til austurs inn í hólf V. Það er 2x0,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Mesta hæð veggja í tóft A er um 0,6 m. Tóft B er um 1,5 m vestan við tóft A. Hún er einföld og er um 4x4 m að stærð. Op er á henni til vesturs. Mesta hæð veggja í tóft B er 0,4 m. Örnefnið Stekkjarmór bendir til þess að stekkur hafi verið á þessum stað. Tóftirnar sem hér eru skráðar eru ekki dæmigerðar fyrir stekk en stekkir eru oftast stakar tóftir sem skiptast í 2-3 hólf. Ef til vill hafa breytingar verið gerðar á mannvirkjunum og hlutverk þeirra breyst. Algengt er t.d. að beitarhús séu reist á rústum stekkja. Ekki er útilokað að svo hafi einnig verið á þessum stað og að minjarnar sem sjást séu af litlum beitarhúsum frekar en stekk.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:049 gata leið 65°51.093N 17°50.672V



Götur á leið 049 í Hólsklauf, horft til austurs

Vörðuð leið í landi Ytri Hóls liggur á leið 631:019 sem liggur um Gönguskarð yfir í Köldukinn í Aðaldal. Ekki er útilokað að þessi leið sé hluti af leið 631:019 en af Uppdrætti Íslands frá 1936 að dæma, þá lá sú leið litlu norðar og var farið upp frá Garði 110:001. Miðlína fyrirhugaðs vegar í tengslum við virkjun í Hólsá liggur yfir götur á leiðinni. Fimm vörður voru skráðar við leiðina og eru tvær þeirra (B-C) 3-4 m sunnan við miðlínu vegarins en hinar þrjár (D-F) eru 18-25 m sunnan við miðlínu vegarins. Götur á leiðinni og vörður B-C teljast í stórhættu vegna framkvæmda.
Leiðin liggur um hæðóttan lyngmóa þar sem víða eru gróðurlausir melar.
Götur á leiðinni sjást fyrst í Hólsklauf og liggja þær til austurs á um 770 m löngum kafla. Flestar götur sjást í Hólsklauf en þar eru 6-8 götur sýnilegar. 1-2 götur eru ógrónar og eru enn farnar af sauðfé. Þegar lengra dregur til austurs fækkar götunum og þær verða óskýrari. Vörðurnar



Á mynd lengst til vinstri er varða 049B, horft til suðvesturs. Á myndinni í miðju er varða 049C, horft til norðausturs. Á mynd lengst til hægri er varða 049D, horft til norðausturs



Á vinstri mynd er varða 049E og á hægri mynd er varða 049 F. Á báðum myndum er horft til norðausturs

fimm sem skráðar voru við leiðina eru allar sunnan við göturnar. Á milli þeirra er 80-170 m langt bil. Vörðunum er lýst hverri fyrir sig og hefst lýsingin á vestustu vörðunni og þeim fylgt til austurs. Varða B er á blásnum hól og hlaðin úr stórgrýti sem er á hólnum. Hún er hrunin, er 1,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara með góðu móti. Varða C er hrunin. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Varðan er gróin neðst og grjót í henni er skófum vaxið. Ekki sést fjöldi umfara í vörðunni. Varða D er nokkuð gróin og steinar skófum vaxnir. Hún er um 1,2 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Í henni sjást 3 umför. Varða E er nokkuð gróin og steinar í henni eru skófum vaxnir. Hún er um 1 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Í henni sjást 3 umför hleðslu. Varða F er hrunin og ekki annað en grjótdreif sem er 1,5 m í þvermál og 0,2 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Uppdráttur Íslands 72

SÞ-109:051 tóft
65°51.025N 17°48.234V

Gróin tóft er sunnan við Gönguskarðsá, vestan við Gönguskarð. Hún er um 45 m norðan við Draflastaðasel 028 (utan athugunarsvæðis) og 80 m VNV við tóft 052. Tóftin er 5 m norðaustan við miðlínu fyrirhugaðs vegar í tengslum við Hólsvirkjun sem liggur að stíflu í Gönguskarðsá. Hún telst því í stórhættu vegna framkvæmda.


Tóftin er á flatlendi í þýfðum lyngmóa og er hún að miklu leyti gróin lyngi og hrísi. Vegarslóði er suðvestan við tóftina.

Tóftin er um 10x7 m að stærð og snýr austur-



Tóft 051, horft til vesturs


vestur. Hún virðist vera einföld en þó er þúfa í henni vestarlega sem gæti hafa skipt henni upp í tvö hólf. Óljós op eru á suður- og vesturhliðum tóftarinnar. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Mögulega tilheyrir tóftin Draflastaðaseli en hún virðist mun eldri á að líta. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún gegndi.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Tóft 051

SÞ-109:052 tóft
65°51.023N 17°48.131V
Fornleg tóft er um 80 m austan við Draflastaðasel 028 (utan athugunarsvæðis) og um 80 m suðaustan við tóft 051. Tóftin er 10 m suðvestan við miðlínu fyrirhugaðs vegar í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.


Tóft 052, horft til norðvesturs



Tóft 052

Tóftin er í lyngi vaxinni skál í brekku í stórþýfðum móa. Tóftin er þrískipt og er að líkindum torfhlaðin en ekki sést í grjót í henni. Tóftin er allfornleg og sigin og vaxin lyngi og hrísi. Tóftin liggur í L og er um 15x10 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í norðvesturenda. Það er skýrasti hluti tóftarinnar. Hólfið er 8x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því á norðvesturlangvegg. Hólf II er suðaustan við hólf I. Það er um 5x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ógreinilegt op er á því í norðurhorni. Hólf III er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést skýrt op á því en hefur mögulega verið í norðurhorni. Veggir í hólfum II og III eru afar signir. Ekki sjást op á milli hólfa. Mesta hæð veggja er 0,6 m norðvestast í tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið rétt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:053 gryfja kolagröf 65°51.213N 17°53.591V
Kolagröf er um 45 m vestan við kolagrafir 054, 108 m austan við kolagröf 029 og 1,1 km VNV við bæ 001. Kolagröfin er 17 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsáravirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Kolagröfin er í lyngi og kjarrivöxnum stórþýfðum móa á milli tveggja rofasvæða.
Kolagröfin er um 1 m í þvermál innanmáls og 0,6 m á dýpt. Allt í kringum gröfina er lyngi og kjarri vaxið en ofan í henni vex einungis gras.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:054 gryfja kolagröf
65°51.213N 17°53.536V
Tvær kolagrafir eru þétt saman um 45 m austan við kolagröf 053, 390 m vestan við garðlag 033 og 1 km VNV við bæ 001. Kolagrafirnar eru 19 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og teljast í stórhættu vegna framkvæmda.
Kolagrafirnar eru í lyngi og kjarrivöxnum stórþýfðum móa á milli tveggja rofasvæða.
Kolagrafirnar eru á svæði sem er um 5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Á milli grafanna eru 2 m og eru þær hvor um sig um 1 m í þvermál að innanmáli og 0,6 m á dýpt. Allt í kringum grafirnar er lyngi og kjarri vaxið en ofan í gröfunum vex einungis gras.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:055 náma mógrafir
65°51.224N 17°51.464V
Meintar mógrafir eru um 40 m suðaustan við heystæði 038 og 540 m norðaustan við bæ 001. Mógrafasvæðið er 20 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og teljast minjarnar því í stórhættu vegna framkvæmda.
Minjarnar eru í gróinni hallamýri í brekku mót vestri.
Mógrafirnar eru á svæði sem er um 70x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Vatn stendur í meintum gröfum í norðausturenda. Þær eru dýpstar um 0,4 m. Svæðið er vel gróið og ummerkin um mótekjuna óveruleg.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Kolagröf 053, horft til vesturs


Kolagrafir 054, horft til norðurs


Mógrafir 055, horft til SSV


SÞ-110 Garður

1712: Jarðardýrleiki 30 hdr. en 20 hdr. 1847. Bændaeign. Með er talin eyðihjáleigan Mýrarkot. Garður var mikil jörð og stórbýli áður, fór í eyði 1961.
1918: Tún 6,8 ha. þar af sléttað um 4/5 "Engið liggur nokkuð upp undir Gönguskarði, og er þángað nokkuð erfitt að sækja. Úthagar góðir og miklir."JÁM XI, 102. "Heldur er hrjóstrugt um að litast líkt og á Ytrahóli, en víðsýnt...Jörðin á alla tunguna norður innan árbugsins og mikið land bakvið Garðsfell, austan Hólsár, hið vestasta af Gönguskarði og hlíðina norður frá því að Krókalandi. Þar er engi mikið og meira en heima, og heitir þar Selland. Garður er mikil útbeitarjörð og hátt metin að fornu."LÞ I, 169. Er norðarlega í Fnjóskadal.

SÞ-110:034 tóft beitarhús 65°51.027N 17°47.850V




Beitarhúsatóft 034, horft til norðvesturs. Á myndinni sést hvernig árin er að brjóta af árbakkanum og tóftinni



Beitarhúsatóft 034

"Sunnan við Illagil er stór hæð, er liggur frá fjallrótum og langt niður eftir og er kölluð Stórhæð. Sunnan og neðan við hana er holt, sem heitir Ólafsholt. Neðan við það og norður með því er grasgefinn engjablettur, sem nefndur er Bjarnapartur...Sunnan við Bjarnapart fast við ána eru tóftir beitarhúsa, sem hætt var að nota upp úr 1890, sbr. þjóðsögur Odds Björnssonar," segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóftin er norðan við Gönguskarðsá um 200 m vestan við Skriðusel 035 og 3,6 km ASA við bæ 001. Tóftin er í stórhættu vegna landbrots. Hún telst einnig í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hólsárvikjun því tóftin er 30 m norðan við lágþrýstipípu frá stíflu í Gönguskarðsá.
Tóftin er alveg frammi á grasigrónum árbakkanum á mjóu undirlendi sunnan undir lyngi vaxinni hlíð. Deiglendi er með ánni til vesturs.
Tóftin skiptist í fjögur hólf og er hún torf- og grjóthlaðin. Tóftin er öll gróin en þó sést í grjót á stöku stað. Hún er um 10x8,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf I er í suðvesturhorni tóftarinnar. Það er um 2,5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ógreinilegt op er í norðvesturhorni þess. Hólf II er þar austan við og er um 2x2 m að innanmáli. Op er á því til norðurs og ógreinilegt op til suðurs. Hólf III er í austurenda tóftarinnar en áin er farin að brjóta af þeim enda. Hólfið er 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ógreinileg op eru á því til norðurs og suðurs. Hólf IV er nyrst í tóftinni. Það er um 5x3,5 m að innanmáli en vesturmörk þess eru óskýr. Í vesturenda hólfsins virðist hafa verið op. Mesta hæð veggja í tóftinni er um 0,4 m. Um 2 m vestan við tóftina er reglulegur, ferhyrndur niðurgröftur sem er 1x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Dýptin er aðeins 0,1 m. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þetta er.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Garður, 10

SÞ-110:035 *Skriðusel* tóftir sel 65°51.025N 17°47.642V
"Upp undir fjalli er hvammur, sem heitir Skriðuselshvammur. Sunnan við hann er hæð, sem nefnd er Illaskriða, Þar næst er Skriðusel," segir í örnefnaskrá. "Skriðusel er austarlega á Sellandi og þar er líka til Skriða, Skriðuselshvammur, faðir minn Páll í Garði sagði mér að þarna hefði verið sel frá Garði endur fyrir löngu en svo fært yfir ána Árbaugsána því það þótti betra að þurfa ekki yfir ána, hún var líka voðalega stórgrýtt þar sem farið var yfir hana þegar heyað var í Sellandi, yfir hana var farið rétt hjá beitahúsunum [034] sem er norð-austan við Garðssel [013]," segir í svörum við spurningum um örnefni. Að öllum líkindum eru tóftir austarlega í Sellandi, norðan við Gönguskarðsá, leifar af Skriðuseli, frekar en af Þrengingaseli 049 sem sagt er löngu týnt undir skriður í svörum við spurningum um örnefni. Selið er um 150 m austan við beitarhús 034, 460 m austan við meint Draflastaðasel 109:028 (utan athugunarsvæðis) og 3,7 km ASA við bæ 001. Minjarnar í selinu eru í stórhættu vegna landbrots en áin brýtur af hluta minjanna. Minjarnar eru einnig í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hólsvirkjun og eru syðstu mannvirkin 11 m norðan við lágþrýstipípu frá stíflu í Gönguskarðsá.
Minjarnar eru á láglendisræmu meðfram Gönguskarðsá. Til vesturs er grasgefið deiglendi. Lækur rennur niður úr hlíðinni austan við minjarnar til suðurs í ána. Norður og upp af minjunum er brattar lyngi vaxnar brekkur.





Á vinstri mynd er horft yfir selstæðið til norðvesturs. Á hægri mynd er horft til suðvesturs yfir tóft 035A og fjær er tóft 035B ásamt vörðu 631:019K

Fjórar tóftir eru á svæði sem er um 30x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á svæðinu er einnig varða K á leið 631:019. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Norðaustast á svæðinu er tóft D. Hún er um 5x1,5m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Tóftin virðist vera niðurgrafin og er mesta dýpt 0,4 m. Ekki sést skýrt op á henni en það virðist hafa verið í VSV-enda. Tóftin gæti verið af kvíum. Hún er gróin og ekki sést í grjót í henni. Tóft A er um 16 m suðvestan við tóft D. Tóft A er stærsta tóftin á svæðinu og er seltóft. Hún skiptist í sjö hólf en áin er búin að brjóta af suðausturhlið hennar. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Hún er um 10x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðvestast í tóftinni er gengið inn í hana um göng. Á hægri hönd, til suðvesturs, er op inn í hólf I. Það er 1 m í þvermál. Á vinstri hönd, til norðausturs, er op inn í hólf II. Það er um 1x1 m að innanmáli. Op er úr því til suðausturs inn í hólf III. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Úr göngum á milli hólfa I og II er gengið til suðausturs inn í hólf IV. Það er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er úr því til suðausturs inn í hólf V. Það er 1,5x1 og snýr eins og hólf IV en áin hefur brotið af suðausturenda þess. Óljóst op er úr hólfi IV til suðvesturs inn í hólf VI sem er 1x1 m að innanmáli. Op er á því til vesturs, út úr tóftinni. Úr hólfi V er einnig óljóst op til suðvesturs inn í hólf VII. Það liggur í L og er 2x2,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Áin hefur brotið af suðausturenda þess. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4 m. Fast suðvestan við tóft A er tóft B. Hún virðist vera tvískipt og er um 6x4 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í suðausturenda. Það er 1,5x1,5 m að innanmáli. Ógreinilegur veggur skilur á milli hólfa og hefur að öllum líkindum verið op á honum. Hólf II er í norðvesturenda tóftarinnar. Það er um 1x1 m að innanmáli. Op er á tóftinni í norðurhorni inn í hólf II. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4 m. Hún er gróin og ekki sést grjót í veggjum en ætla má að hún sé hlaðin úr torfi og grjóti. Varða 631:019K er hlaðin fast við eða í suðvesturlangvegg tóftarinnar. Afar óljós einföld tóft C er við norðurhorn á tóft B. Hún er útflött og er 3x3 m að stærð. Op er á henni á suðvesturhlið. Ekki sést í grjót í veggjum hennar og líklegt að hún sé eingöngu úr torfi vegna þess hversu sigin hún er.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


Heimildir: Ö-Garður, 10; Ö-Garður, svör við sp., 11, 12

SÞ-110:053 náma mógrafir 65°51.226N 17°50.648V

Mógrafir eru nærri merkjum móti Ytri Hóli SÞ-109 í landi Garðs, austan og ofan við Garðsklauf. Þær eru um 130 m VSV við þúst 054 og 1,5 km suðaustan við bæ 001. Minjarnar eru 20 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og teljast því í stórhættu vegna framkvæmda.

Á flatlendu svæði milli hárra hóla, rennur lækur um blautlent svæði. Vestarlega í því eru tvær

tjarnir þar sem líklegt er að mór hafi verið tekinn.
Meintar mógrafir eru á svæði sem er um 30x20 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Annars vegar er ein stór mógröf full af vatni. Hún er um 25x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,5 m á dýpt. Önnur lítil mógröf sem er full af vatni er í suðurhorni svæðisins. Hún er um 5x5 m að stærð og er 0,3 m á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Horft yfir mógrafir 053 til norðurs

SÞ-110:054 þúst
65°51.248N 17°50.478V
Gróin grjótþúst er sunnan við Sundin í landi Garðs, um 130 m austan við mógrafir 053 og 1,6 km suðaustan við bæ 001. Þústin er 3 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Minjarnar eru á blásnum mel sunnan við blautt sund.
Grjótið í þústinni er jarðlægt og gróið. Þústin er um 2x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést steinn yfir steini. Mesta hæð er 0,1-0,2 m. Ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða en mögulega er um gamla og hrunda vörðu að ræða.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Grjótþúst 054, horft til suðvesturs

SÞ-110:055 náma mógrafir 65°51.259N 17°50.446V


Mógrafir 055, horft til norðvesturs

Mógrafir eru um 30 m norðaustan við þúst 054 og um 160 m austan við mógrafir 053. Mógrafirnar eru 1,6 km suðaustan við bæ 001 og 23 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Mógrafirnar eru í Sundunum, mýrarsundum á milli hólaraða.
Mógrafir eru á svæði sem er um 30x20 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru á þúfnalausu svæði, eru þurrar og grunnar en dýpstar eru þær um 0,3 m. Fleiri mógrafir eru líklega til norðausturs en það svæði er utan athugunarsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda vegna Hólsvirkjunar sem tekið var út árið 2012.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:056 gata leið 65°51.243N 17°50.289V



Götur á leið 056, horft til suðausturs

Götur eru 110 m austan við þúst 054. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun liggur þvert yfir göturnar og teljast minjarnar því í stórhættu vegna framkvæmda.

Göturnar liggja á milli blásinna melhóla í þýfðum lyngmóa.

Götunum var fylgt á 130 m löngum kafla. Þær eru 1-4 saman á svæði sem er breiðast um 6 m. Þær eru enn farnar af sauðfé en eru nokkuð grónar. Göturnar eru 0,2 m á breidd og 0,1-0,3 m á dýpt að innanmáli. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en ekki er ósennilegt að þær séu hluti af leið 631:019 sem lá um Gönguskarð yfir í Köldukinn í Aðaldal.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-631 Fornleif á fl. en einni jörð

SÞ-631:019 *Gönguskarð* gata leið 65°51.054N 17°48.231V
Vörðuð leið liggur frá Garði 110:001 niður að Hólsá og yfir Gönguskarð í Köldukinn í Aðaldal. Leiðin er sýnd á Uppdrætti Íslands 72 frá 1936. Hluti leiðarinnar var skráður þegar áhrifasvæði mannvirkja fyrirhugaðrar virkjunar í Hólsá voru tekin út árið 2012. Á leiðinni voru skráðar götur sunnan við Gönguskarðsá og 11 vörður. Miðlína vegar og lágþrýstipípu liggja yfir göturnar á köflum. Varða D er 7 m norðan við miðlínu vegar og varða K er 11 m norðan við lágþrýstipípu. Vörður L og M eru austan við stíflu í Gönguskarðsá og lenda að öllum líkindum í lónstæðinu. Þær minjar sem þegar hafa verið nefndar teljast í stórhættu vegna framkvæmda. Vörður C, E, I og J eru 30-50 m frá miðlínu vegar og lágþrýstipípu. Vörður F, G og H eru 70-100 m frá mannvirkjum. Þessar minjar teljast ekki í hættu vegna framkvæmda.
Leiðin liggur um svæði sem er að miklu leyti gróinn lyngmói en víða eru rofsvæði, sérstaklega á hólkollum.



Á vinstri mynd er varða 019D, horft til austurs. Á hægri mynd er varða 019K, horft til austurs. Báðar vörðurnar eru í stórhættu vegna framkvæmda við fyrirhugaða virkjun í Hólsá



Á vinstri mynd er varða 019L og á hægri mynd er varða 019M, horft til suðvesturs á báðum myndum. Vörðurnar eru í stórhættu vegna framkvæmda við fyrirhugaða virkjun í Hólsá

Minjar um leiðina sjást á svæði sem er um 2000x100 m að stærð og snýr VNV-ASA. Götur sjást á Tungusporði sunnan við Gönguskarðsá. Þær eru 3-6 saman á svæði sem er 5-20 m á breidd. Dýpstu göturnar eru 0,5 m á dýpt. Göturnar eru misbreiðar, 0,2-1 m á breidd. Vestasta varðan við leiðina er varða C sem er ekki annað en grjótþúst. Hún er um 4 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Ekki er útilokað að þessi varða hafi verið á merkjum milli Ytri Hóls SÞ-109 og Garðs SÞ-110. Varða D er 170 m ASA við vörðu C. Varðan er hrunin. Hún er 3 m í þvermál og 0,4 m

á hæð. Grjótið er skófum vaxið og varðan gróin í botninn. Varða E er 160 m ASA við vörðu D. Varðan er stór grjóthrúga á að líta. Hún er um 3x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er 0,4 m á hæð en hún er hlaðin ofan á stórt bjarg og með því er hún 1 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Varða F er á eyri í Hólsá og er 210 m suðaustan við vörðu F. Hún er um 1,5 m í þvermál, 0,3 m á hæð. Varðan er hrunin en í henni má greina 2-3 umför hleðslu. Varða G er 220 m ASA við vörðu F. Varðan er um 2 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Enn sjást í henni tvö umför. Götur liggja neðan við hólinn, norðvestan við hana, og þar mætast götur og bílslóði. Varða H er 215 m suðaustan við vörðu G. Varðan er hrunin og er um 2 m í þvermál. Hún er um 0,5 m á hæð og í henni má enn greina 4 umför. Varða I er 385 m suðaustan við vörðu H. Varðan er gróin og skófum vaxin. Hún er um 2 m í þvermál en hrunið hefur úr henni til norðvesturs og er hún lengri í þá átt (0,5 m). Varðan er 0,7 m á hæð og sjást 4-5 umför í henni. Hleðslur eru víðast fallnar en eru heillegastar á suðurhlið. Varða J er norðan við Gönguskarðsá og er 70 m ASA við vörðu I. Varðan er hrunin. Hún er um 2 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Í henni sjást enn óljóst 3 umför. Hrunið hefur úr vörðunni til norðurs. Varða K er á selstæði Skriðusels 110:035 og 250 m austan við vörðu J. Hún er um 1,5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 1,1 m á hæð og í henni sjást fimm umför hleðslu. Varða L er sunnan við Gönguskarðsá og er 100 m austan við vörðu K. Varðan er um 1,5 m í þvermáli og er 0,5 m á hæð. Hleðslur eru hrundar en þó má greina þrjú umför. Varðan er skófum vaxin. Varða M er 60 m austan við vörðu L. Varðan er um 2x2 m að stærð og er hlaðin á og við stórt bjarg. Mesta hleðsluhæð er 0,6 m. Hleðslan í vörðunni er hrunin en í henni sjást enn þrjú umför. Varðan er skófum vaxin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Uppdráttur Íslands 72

5. Niðurstöður

Alls voru skráðar 36 fornleifar innan athugunarsvæðisins á jörðunum Garði og Ytri Hóli í Fnjóskadal og eru þær allar skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda eins og fram kom í 3. kafla. Þess ber að geta að í fimm tilvikum eru fjögur eða fleiri mannvirki skráð saman undir einu númeri. Það á við um þrjú sel (109:026, 109:027, 110:035) og tvær varðaðar leiðir (109:049, 631:019). Í töflu 1 má sjá lista yfir fornleifarnar á svæðinu þar sem fram kemur tegund minja, hlutverk og ástand.

Tafla 1. Fornminjar á áhrifasvæði Hólsvirkjunar

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
SÞ-109:007	Geithóll	tóft	óþekkt	hleðslur signar
SÞ-109:008	Hólbrekka	gata	leið	sést til
SÞ-109:025		tóft	beitarhús	hleðslur standa grónar
SÞ-109:026	Hólssel	tóftaþyrping	sel	hleðslur signar
SÞ-109:027	Végeirsstaðasel	tóftir	sel	hleðslur signar
SÞ-109:029		gryfja	kolagröf	sést til
SÞ-109:030		gryfja	kolagröf	hleðslur signar
SÞ-109:031		gryfja	kolagröf	sést til
SÞ-109:033		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
SÞ-109:034		vegur	leið	sést til
SÞ-109:035		gryfja	kolagröf	sést til
SÞ-109:036		garðlag	túngarður	hleðslur signar
SÞ-109:037		gryfja	kolagröf	sést til
SÞ-109:038		tóft	heystæði	hleðslur signar
SÞ-109:039		garðlag	landamerki	hleðslur signar
SÞ-109:041		gata	leið	sést til
SÞ-109:042		náma	rista	sést til
SÞ-109:043		náma	rista	sést til
SÞ-109:044		garðlag	túngarður	hleðslur signar
SÞ-109:045		tóftir	heystæði	hleðslur signar
SÞ-109:046		náma	rista	sést til
SÞ-109:047		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
SÞ-109:048	Stekkjarmór	tóftir	stekkur/beitarhús	hleðslur signar
SÞ-109:049		gata	leið	sést til
SÞ-109:051		tóft	óþekkt	hleðslur signar
SÞ-109:052		tóft	óþekkt	hleðslur signar
SÞ-109:053		gryfja	kolagröf	sést til
SÞ-109:054		gryfja	kolagröf	sést til
SÞ-109:055		náma	mógrafir	sést til
SÞ-110:034		tóft	beitarhús	hleðslur signar

SÞ-110:035	Skriðusel	tóftir	sel	hleðslur signar
SÞ-110:053		náma	mógrafir	sést til
SÞ-110:054		þúst	óþekkt	sést til
SÞ-110:055		náma	mógrafir	sést til
SÞ-110:056		gata	leið	sést til
SÞ-631:019	Gönguskarð	gata	leið	sést til

Hlutverk skráðra fornleifa innan athugunarsvæðisins eru fjölbreytt og í töflu 2 má sjá hvernig fornleifarnar skiptast eftir hlutverki.

Tafla 2.. Hlutverk fornleifa á áhrifasvæði mannvirkja Hólsvirkjunar

Hlutverk	**fjöldi**
beitarhús	2
heystæði	2
kolagröf	7
landamerki	1
leið	6
mógrafir	3
óþekkt	4
rista	3
sel	3
stekkur/beitarhús	1
túngarður	2
vörslugarður	2
Alls	36

Austast á athugunarsvæði vegna Hólsvirkjunar er þétt seljabyggð. Þar eru fjögur sel á litlu svæði. Þrjú þeirra eru á áhrifasvæðum mannvirkja Hólsvirkjunar en eitt þeirra, Draflastaðasel 109:028 á Tungusporði í landi Ytri Hóls, er á milli lágþrýstipípu og vegar og er utan áhrifasvæða. Selið er því ekki í fornleifaskránni. Á milli seljanna á þessu svæði eru aðeins 300-800 m. Á austurhluta svæðisins voru einnig skráð tvö beitarhús (109:025, 110:034). Þessar minjar eru til vitnis um nýtingu svæðisins sem beitilands fyrir sauðfé og selstöður. Athygli vekur að tvö nafngreind sel í landi Ytri Hóls eru frá öðrum bæjum. Annars vegar Végeirsstaðasel 109:027 og hins vegar Draflastaðasel 109:028.

Kolagrafir eru algengustu minjarnar á athugunarsvæði Hólsvirkjunar, en átta kolagrafir eru skráðar undir sjö fornleifanúmerum. Þær fundust eingöngu á vestanverðu svæðinu, ofan í Fnjóskadal, en engar kolagrafir eru á austanverðu svæðinu þar sem land hækkar og gróður minnkar. Þar er hins vegar nokkuð um mógrafir og torfristusvæði.

Fimm garðlög voru skráð á athugunarsvæði Hólsvirkjunar, tveir unglegir túngarðar (109:036, 109:044), tveir vörslugarðar (109:033, 109:047) og einn landamerkjagarður 109:039. Landamerkjagarðurinn og vörslugarður 109:047 eru unglegir en vörslugarður 109:033 virðist talsvert eldri þó að hann sé sennilega ekki frá elstu tíð.

Fjöldi leiða var skráður á svæðinu og eru það algengustu minjarnar á eftir kolagröfum. Leiðir 109:008 og 109:034 eru vestarlega á svæðinu og liggja á milli bæja innan sveitar í Fnjóskadal. Við leið 109:049 voru skráðar fimm vörður. Leiðin liggur frá Ytri Hól til austurs og virðist liggja á leið 631:019 sem lá um Gönguskarð yfir í Köldukinn í Aðaldal. Við leiðina yfir Gönguskarð voru skráðar 11 vörður og voru sumar þeirra austustu nokkuð veglegar þó að hleðslurnar séu víðast fallnar að miklu leyti. Götur á leið 110:056 kunna að vera hluti af leiðinni yfir Gönguskarð. Einnig var skráð leið 109:041 sem liggur eftir austanverðum Hólsdal að Végeirsstaðaseli.

Þrjár fornlegar tóftir voru skráðar á athugunarsvæði Hólsvirkjunar en hlutverk þeirra er ekki þekkt. Tóft 109:052 gæti verið af rétt en hún er stór og þrískipt. Veggir hennar eru ekki mjög breiðir sem bendir til þess að þeir hafi ekki verið mjög háir eða borið þak. Tóft 109:051 kann að tengjast Draflastaðaseli 109:028 en er 45 m norðan við það og virðist talsvert eldri en seltóftin. Tóft 109:007 er á Geithól en hóllinn dregur að öllum líkindum nafn sitt af geitakofa í landi Garðs sem er utan athugunarsvæðisins. Ekkert er hægt að fullyrða um hlutverk tóftarinnar en hún gæti verið af gömlum stekk.

Hátt hlutfall minja er á svæðinu sem engar heimildir voru um áður en farið var á vettvang. Aðeins voru heimildir um 8 af 36 fornleifum sem skráðar voru á vettvangi, eða 22%. Þessar tölur undirstrika mikilvægi þess að ganga skipulega yfir fyrirhuguð framkvæmdasvæði í leit að fornleifum.

Allar fornleifar eru friðaðar skv. lögum (sjá lög um menningarminjar nr. 80/2012). Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

Heimildaskrá

BBSÞ: Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson. 1986. *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu, [án útgáfustaðar].

DI=ÍF: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Þingeyjarsýsla. XI bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

LÞ I: Jón Sigurðsson. 1954. *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*. Helgafell, Reykjavík.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html

Túnakort Garðs 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Ytri-Hóls 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Uppdráttur Íslands 72 : 1:100 000. Sótt 20. 03. 2016 af: http://islandskort.is/is/map/show/780

Ö-Garður, svör við sp.: Örnefnaskrá Garðs. Svör við spurningum. Ásrún Pálsdóttir frá Garði skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Garður: Örnefnaskrá Garðs. Garðar Björn Pálsson frá Garði skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Ö-Ytri Hóll: Örnefnaskrá Ytri Hóls. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Hnitaskrá í ISN93


Samtala	Austur	Norður
SÞ-109:007	551429	595647
SÞ-109:008	551507	595668
SÞ-109:025	553783	595453
SÞ-109:026A	554135	594686
SÞ-109:026B	554179	594640
SÞ-109:026C	554157	594627
SÞ-109:026D	554085	594745
SÞ-109:026E	554080	594739
SÞ-109:026F	554121	594708
SÞ-109:026G	554170	594637
SÞ-109:027A	554321	594412
SÞ-109:027B	554326	594387
SÞ-109:027C	554350	594430
SÞ-109:027D	554349	594451
SÞ-109:029	550433	595610
SÞ-109:030	550429	595633
SÞ-109:031	550408	595589
SÞ-109:033	550984	595685
SÞ-109:034	550976	595687
SÞ-109:035	551288	595649
SÞ-109:036	551573	595694
SÞ-109:037	551761	595686
SÞ-109:038	552121	595684
SÞ-109:039	552120	595726
SÞ-109:041	554273	594777
SÞ-109:042	554366	594952
SÞ-109:043	553801	595379
SÞ-109:044A	551762	595270
SÞ-109:044B	551479	595152
SÞ-109:045A	554009	594953
SÞ-109:045B	554012	594973
SÞ-109:046	553662	595484
SÞ-109:047A	551899	595238
SÞ-109:047B	552567	595438
SÞ-109:048	552573	595399
SÞ-109:049A	552619	595469
SÞ-109:049B	552767	595425
SÞ-109:049C	552857	595442
SÞ-109:049D	553007	595434
SÞ-109:049E	553085	595448
SÞ-109:049F	553252	595468
SÞ-109:051	554634	595375
SÞ-109:052	554703	595331
SÞ-109:053	550542	595608
SÞ-109:054A	550584	595609
SÞ-109:054B	550585	595606
SÞ-109:055	552160	595657
SÞ-110:034	554916	595343
SÞ-110:035A	555075	595341
SÞ-110:035B	555070	595336
SÞ-110:035C	555068	595344
SÞ-110:035D	555091	595352
SÞ-110:053	552781	595672
SÞ-110:054	552910	595715
SÞ-110:055	552933	595737
SÞ-110:056	553053	595707
SÞ-631:019A	554626	595387
SÞ-631:019B	554227	595483
SÞ-631:019C	553410	595570
SÞ-631:019D	553577	595559
SÞ-631:019E	553736	595536
SÞ-631:019F	553943	595492
SÞ-631:019G	554157	595443
SÞ-631:019H	554367	595398
SÞ-631:019I	554750	595357
SÞ-631:019J	554816	595347
SÞ-631:019K	555069	595334
SÞ-631:019L	555166	595335
SÞ-631:019M	555224	595333


Kort af úttektarsvæði og fornleifum


Kort 1 - Yfirlit



Kort 2 - Yfirlit með breyttri tilhögun mannvirkja 2016




Kort 3 - Vesturhluti
N
Frárennslisskurður
Stöðvarhús
Þrýstipípa
SÞ-109:030 kolagröf
SÞ-109:053 kolagröf
SÞ-109:054 kolagröf
SÞ-109:029 kolagröf
SÞ-109:031 kolagröf
SÞ-109:034 leið
SÞ-109:033 vörslugarður
SÞ-109:037 kolagröf
SÞ-109:008 leið
SÞ-109:036 túngarður
SÞ-109:007 óþekkt
SÞ-109:037 kolagröf
SÞ-109:039 landamerki
SÞ-109:038 heystæði
SÞ-109:055 mógrafir
SÞ-110:053 mógrafir
SÞ-110:054 óþekkt
SÞ-110:055 mógrafir
SÞ-110:056 leið
SÞ-109:049 götur A
SÞ-109:047 vörslugarður B
SÞ-109:048 stekkur
SÞ-109:049 varða B
SÞ-109:049 varða C
SÞ-109:049 varða D
SÞ-109:049 varða E
SÞ-109:044 túngarður
SÞ-109:047 vörslugarður A
Vegur
200 0 200 400 600 800 m


Kort 4 - Austurhluti
N
SÞ-110:054 óþekkt
SÞ-110:056 leið
SÞ-110:053 mógrafir
SÞ-110:053 mógrafir
SÞ-631:019 varða C
SÞ-631:019 varða D
SÞ-631:019 varða E
SÞ-631:019 varða F
SÞ-631:019 varða G
SÞ-631:019 varða H
SÞ-631:019 varða I
SÞ-631:019 varða J
SÞ-631:019 varða K
SÞ-631:019 varða L
SÞ-631:019 varða M
SÞ-110:035 Skriðusel
SÞ-109:047 vörslugarður B
SÞ-109:049 götur A
SÞ-109:049 varða F
SÞ-109:049 varða E
SÞ-109:049 varða D
SÞ-109:049 varða C
SÞ-109:049 varða B
SÞ-109:048 stekkur
SÞ-109:046 rista
SÞ-109:025 beitarhús
SÞ-109:043 rista
SÞ-109:051 óþekkt
SÞ-109:052 óþekkt
SÞ-110:034 beitarhús
SÞ-109:045 heystæði
SÞ-109:042 rista
SÞ-109:041 leið
SÞ-109:027 Hólssel
SÞ-109:027 Végeirsstaðasel
200 0 200 400 600 800 m